

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um kærur vegna ákvarðana um synjun fjárhagsaðstoðar til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hversu margar kærur bárust ráðherra frá ársbyrjun 2014 til ársloka 2021 vegna ákvarðana umboðsmanns skuldara um synjun fjárhagsaðstoðar samkvæmt lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, nr. 9/2014? Svar óskast sundurliðað eftir árum, ástæðum synjunar og niðurstöðu máls.
2. Hversu mörgum umræddra kærumála var vísað frá á þeim grundvelli að umboðsmaður skuldara tók mál kæranda til skoðunar á ný á meðan ráðherra var með málið til umfjöllunar? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
3. Hver var meðalmálsmeðferðartími umræddra kærumála, þ.e. frá því að kæra barst og þar til úrskurður lá fyrir, að undanskildum málum sem var vísað frá á þeim grundvelli að kæra barst eftir að kærufrestur rann út? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
4. Í hversu mörgum umræddra kærumála var málsmeðferðartími ráðherra lengri en þrjú mánuðir? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
5. Hversu oft hefur umboðsmaður skuldara höfðað dómsmál til að fá úrskurði ráðherra hnekk? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
6. Hversu oft hafa aðrir en umboðsmaður skuldara höfðað dómsmál til að fá úrskurði ráðherra hnekk? Svar óskast sundurliðað eftir árum og aðilum.

Skriflegt svar óskast.